

# Starfsáætlun Hvolsskóla

2024- 2025



GLEÐI, VIRÐING, VINÁTTA

## EFNISYFIRLIT


SKÓLASTARFIÐ .....	4
Stjórnskipulag skólans og skipurit .....	4
Almennar upplýsingar .....	4
Starfsmenn:.....	4
Skóladagatal ásamt viðauka .....	7
Kennsluáætlanir .....	7
Starfsáætlun nemenda.....	7
Val í 8.-10. bekk.....	7
Mötuneyti .....	7
Skólaakstur .....	7
Skólaskjól.....	8
Heimasíðan.....	9
Samfella í tómsunda- og skólastarfi í Rangárþingi eystra .....	9
SAMSTARF .....	10
Samstarf heimila og skóla .....	10
Skólaráð.....	10
Foreldrafélag.....	11
Nemendafélag.....	11
Bókasafn .....	12
Viðfangsefni innra mats.....	13
Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2019-2023.....	13
STOÐKERFI HVOLSSKÓLA.....	14
Skólaþjónusta.....	14
Farsæld.....	14
Náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf .....	15
Skólahjúkrunarfræðingur .....	15
Stuðningur og sérkennsla .....	15
Námsver.....	16
ÍSAT kennsla (Íslenska sem annað tungumál).....	17
Nemendaverndarráð .....	17
ÁSTUNDUN OG ÖRYGGI NEMENDA.....	18
Öryggi nemenda.....	18

Almennar umgengisreglur .....	18
Skólareglur .....	19
Skólasókn og ástundun .....	20
<b>FÉLAGSLÍF OG FASTIR LIÐIR Í SKÓLASTARFINU .....</b>	<b>21</b>
Þemavikur .....	21
Vettvangsferðir .....	21
Vorferðir – söfnun f. ferðir og hlutverk kennara .....	21
Dagur íslenskrar tungu .....	21
Stóra upplestrarkeppnin .....	22
Kaffisala á foreldradögum .....	22
Fjallganga – Tíu tinda ganga .....	22
Ýmis grænfánaverkefni .....	22
Úlfjótsvatn 7. bekkur .....	22
Vorhátíð .....	22
Öskudagur .....	23
Kórastarfsemi í Hvolsskóla .....	23
Aðventan .....	23
Bekkjarkvöld .....	23
Samstarf skólanna í Rangárbíngi og V.- Skaftafellssýslu .....	23
Árshátíðir á yngsta- og miðstigi .....	23
Þemaverkefni á elsta stigi .....	23
Símenntunaráætlun .....	23

## SKÓLASTARFIÐ

### Stjórnskipulag skólans og skipurit

Í stjórnateymi skólans eru þrjú stjórnendur. Birna Sigurðardóttir skólastjóri, Guðbjörg T. Júlíadóttir aðstoðarskólastjóri og Svava Björk Helgadóttir deildarstjóri sérkennslu.



Hvað frekari verkaskiptingu varðar er vísað til starfslýsinga sem finna má í starfsmannahandbók Hvolsskóla.

### Almennar upplýsingar

Í Hvolsskóla eru 225 nemendur á aldrinum 6 – 16 ára í 17 umsjónarhópum. Við skólann starfa, 33 kennarar, 3 þroskabjálfar og 19 aðrir starfsmenn en ekki eru allir í fullu starfi. Að auki eru stjórnendur þrjú eins og komið er fram. Kennsla er virka daga frá kl. 8:10-14:50 en á föstudögum til kl. 12. Þetta skólaár, líkt og undangengin ár, hefur kennslunni verið þjappað saman á færri daga en ella. Þannig er skólaárið 170 dagar í stað 180 en kennsludagarnir að sama skapi lengri. Þetta var upphaflega gert í sparnaðarskygni en nú hafa kannanir sýnt að foreldrum, nemendum og starfsmönnum líkar þetta fyrirkomulag. Viðhorf samfélagsins til þessa fyrirkomulags er kannað á hverju ári og tekin ákvörðun í framhaldi af niðurstöðum.

Hvolsskóli er við Stóragerði á Hvolsvelli.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00-16:00 en á föstudögum til kl. 14:00, s. 488 4240, heimasíða skólans er [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is)

### Starfsmenn:

Nafn	Netfang	Starfsheiti
Agnese Cernava	<a href="mailto:agnese@hvolsskoli.is">agnese@hvolsskoli.is</a>	Stuðn. og starfsm. í Skjóli
Anna Kristín Guðjónsdóttir	<a href="mailto:annakg@hvolsskoli.is">annakg@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Arzu Khalilova	<a href="mailto:arzu@hvolsskoli.is">arzu@hvolsskoli.is</a>	Stuðn. í Skjóli og ræsting

Asta J. Laukkanen	<a href="mailto:asta@hvolsskoli.is">asta@hvolsskoli.is</a>	Starfsáætlun Hvolsskóla Umsjónarkennari
Árný Jóna Sigurðardóttir	<a href="mailto:arny@hvolsskoli.is">arny@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Ásta Brynjólfsdóttir	<a href="mailto:astab@hvolsskoli.is">astab@hvolsskoli.is</a>	Sérkennari
Ástdís Guðbjörnsdóttir	<a href="mailto:astdis@hvolsskoli.is">astdis@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Ástvaldur Helgi Gylfason	<a href="mailto:astvaldur@hvolsskoli.is">astvaldur@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Birna Sigurðardóttir	<a href="mailto:birna@hvolsskoli.is">birna@hvolsskoli.is</a>	Skólustjóri
Edda S. Thorlacius	<a href="mailto:eddath@hvolsskoli.is">eddath@hvolsskoli.is</a>	Í leyfi
Elín Elfa Magnúsardóttir	<a href="mailto:elinem@hvolsskoli.is">elinem@hvolsskoli.is</a>	Starfsmaður í Skjóli
Elisabeth Lind Ingólfisdóttir	<a href="mailto:elisabeth@hvolsskoli.is">elisabeth@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Erla Guðfinna Jónsdóttir	<a href="mailto:erlag@hvolsskoli.is">erlag@hvolsskoli.is</a>	Sérkennari
Eyrún Elvasdóttir	<a href="mailto:eyrun@hvolsskoli.is">eyrun@hvolsskoli.is</a>	Þroskaþjálfari
Guðbjörg T. Júlíadóttir	<a href="mailto:gudbjorgt@hvolsskoli.is">gudbjorgt@hvolsskoli.is</a>	Aðstoðarskólustjóri
Guðrún Auður Björnsdóttir	<a href="mailto:gudrunb@hvolsskoli.is">gudrunb@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Guðrún Ísfeld Ingadóttir	<a href="mailto:gudruni@hvolsskoli.is">gudruni@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Jónsdóttir	<a href="mailto:gudrunj@hvolsskoli.is">gudrunj@hvolsskoli.is</a>	Matráður
Guri Hilstad Ólason	<a href="mailto:guri@hvolsskoli.is">guri@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Gyða Björgvinsdóttir	<a href="mailto:gydabj@hvolsskoli.is">gydabj@hvolsskoli.is</a>	Sérkennari
Hafdís María Jónsdóttir	<a href="mailto:hafdis@hvolsskoli.is">hafdis@hvolsskoli.is</a>	Þroskaþjálfari
Haraldur Grétarsson	<a href="mailto:haraldur@hvolsskoli.is">haraldur@hvolsskoli.is</a>	Tölvuumsjónarmaður
Helgi Jens Hlíðdal	<a href="mailto:helgi@hvolsskoli.is">helgi@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Helgi Valur Smáráson	<a href="mailto:helgiv@hvolsskoli.is">helgiv@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Hildur Hjaltadóttir	<a href="mailto:hildur@hvolsskoli.is">hildur@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Ingibjörg Erlingsdóttir	<a href="mailto:ingibjorg@hvolsskoli.is">ingibjorg@hvolsskoli.is</a>	Tónmenntakennari
Ingibjörg Ýr Ólafsdóttir	<a href="mailto:ingibjorgyr@hvolsskoli.is">ingibjorgyr@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Ingvar Helgason	<a href="mailto:sams@emax.is">sams@emax.is</a>	Grunnskólakennari
Joao Maria Loureiro Moita	<a href="mailto:joaomaria@hvolsskoli.is">joaomaria@hvolsskoli.is</a>	Ræstir
Justyna Lis	<a href="mailto:jusynal@hvolsskoli.is">jusynal@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari

Katarzyna Czerska	<a href="mailto:katarzyna@hvolsskoli.is">katarzyna@hvolsskoli.is</a>	Starfsáætlun Hvolsskóla Ræstir
Klara Sif Ásmundsdóttir	<a href="mailto:klara@hvolsskoli.is">klara@hvolsskoli.is</a>	Proskapjálfi
Kolbeinn Ísólfsson	<a href="mailto:kolbeinn@hvolsskoli.is">kolbeinn@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Lárus Viðar Stefánsson	<a href="mailto:laruss@hvolsskoli.is">laruss@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Lea Birna Lárusdóttir	<a href="mailto:lea@hvolsskoli.is">lea@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Line Nörgaard	<a href="mailto:line@hvolsskoli.is">line@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Lovísa Guðlaugsdóttir	<a href="mailto:lovisag@hvolsskoli.is">lovisag@hvolsskoli.is</a>	Í leyfi
Lovísa Herborg Ragnarsdóttir	<a href="mailto:lovisa@hvolsskoli.is">lovisa@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Ólafur Elí Magnússon	<a href="mailto:olafur@hvolsskoli.is">olafur@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir	<a href="mailto:olof.g.eggertsdottir@hsu.is">olof.g.eggertsdottir@hsu.is</a>	Skólahjúkrunarfræðingur
Ólöf Sæmundsdóttir	<a href="mailto:olofs@hvolsskoli.is">olofs@hvolsskoli.is</a>	Heimilisfræðikennari
Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir	<a href="mailto:ragnhildur@hvolsskoli.is">ragnhildur@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarmaður í Skjóli
Raquel Sofia Abranja Domingos	<a href="mailto:raquel@hvolsskoli.is">raquel@hvolsskoli.is</a>	Stuðn. og starfsm. í Skjóli
Saga Tíbrá Bergmann	<a href="mailto:saga@hvolsskoli.is">saga@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Sandra Sif Úlfarsdóttir	<a href="mailto:sandra@hvolsskoli.is">sandra@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Sarah Maagaard Nielsen	<a href="mailto:sarah@hvolsskoli.is">sarah@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Siggerður Ólöf Sigurðardóttir	<a href="mailto:siggerdur@hvolsskoli.is">siggerdur@hvolsskoli.is</a>	Í leyfi
Sigrún Jónsdóttir	<a href="mailto:sigjon@hvolsskoli.is">sigjon@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir	<a href="mailto:maren@hvolsskoli.is">maren@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Sólveig Eva Pétursdóttir	<a href="mailto:solveig@hvolsskoli.is">solveig@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Steinunn Arnardóttir	<a href="mailto:steina@hvolsskoli.is">steina@hvolsskoli.is</a>	Ritari
Svanborg Eygló Óskarsdóttir	<a href="mailto:svanborg@hvolsskoli.is">svanborg@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Svandís Þórhallsdóttir	<a href="mailto:svandis@hvolsskoli.is">svandis@hvolsskoli.is</a>	Sérkennari
Svava Björk Helgadóttir	<a href="mailto:svava@hvolsskoli.is">svava@hvolsskoli.is</a>	Deildarstjóri sérkennslu
Sveinbjörn Jónsson	<a href="mailto:sveinbjorn@hvolsskoli.is">sveinbjorn@hvolsskoli.is</a>	Húsvörður

Theodóra Jóna Guðnadóttir	<a href="mailto:theodora@hvolsskoli.is">theodora@hvolsskoli.is</a>	Starfsáætlun Hvolsskóla Umsjónarkennari
Tinna Erlingsdóttir	<a href="mailto:tinna@hvolsskoli.is">tinna@hvolsskoli.is</a>	Sérkennari og umsjón
Póra Kristín Þórðardóttir	<a href="mailto:thorak@hvolsskoli.is">thorak@hvolsskoli.is</a>	Umsjónarkennari
Þórunn Ólafsdóttir	<a href="mailto:thorunn@hvolsskoli.is">thorunn@hvolsskoli.is</a>	Stuðningsfulltrúi
Þórunn Óskarsdóttir	<a href="mailto:thorunnos@hvolsskoli.is">thorunnos@hvolsskoli.is</a>	Grunnskólakennari
Þuríður Vala Ólafsdóttir	<a href="mailto:thuridur@hvolsskoli.is">thuridur@hvolsskoli.is</a>	ISAT kennari

### Skóladagatal ásamt viðauka

Skóladagatal Hvolsskóla er að finna á heimasíðu skólans ásamt viðauka:

Skóladagatal: [Skóladagatal Hvolsskóla 2024-2025](#)

Viðauki: [Yfirlit yfir uppbrots og skerta daga](#)

### Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans: [Kennsluáætlanir – Hvolsskóli \(hvolsskoli.is\)](#)

### Starfsáætlun nemenda

Skólaárið skiptist í 3 annir eins og fram kemur í skólanámskrá. Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu, í október og febrúar.

### Val í 8.-10. bekk

Upplýsingar um val hjá nemdum á elsta stigi má finna á heimasíðu skólans: [Val á elsta stigi – Hvolsskóli \(hvolsskoli.is\)](#)

### Mötuneyti

Nemendum stendur til boða gjaldfrjáls heitur matur í hádeginu. Matseðill er birtur á heimasíðu skólans og á heimasíðu Rangárþings eystra.

### Reglur fyrir mötuneyti Rangárþings eystra

Foreldrar þurfa að skrá börn sín í mötuneytið í gegnum heimasíðu Hvolsskóla eða hjá ritara skólans og ef nemandi ætlar að hætta í mötuneytinu verður að koma um það skrifleg tilkynning frá foreldri til ritara.

Hádegisverður er gjaldfrjáls fyrir nemendur Hvolsskóla. Þurfi nemendur eða stafsfolk að fá mat án þess að vera skráð í mötuneytið er hægt að panta hann hjá ritara skólans fyrir klukkan 10 dag hvern. Gjald fyrir starfsmenn má sjá í gjaldskrá mötuneytisins.

Nemendur hafa aðgang að mjólk alla daga og einnig er boðið upp á ávaxtastundir einu sinni á dag á öllum stigum. Hafragrautur er í boði einu sinni í viku fyrir hvert stig. Mjólkinn, ávextirnir og hafragrauturinn eru gjaldfrjáls fyrir nemendur.

### Skólaakstur

Nemendur sem búa í dreifbýli eru sóttir heim að bæ og ekið heim að loknum skóladegi eða gæslu í Skólaskjóli og Samfellu skólastarfs og tómstunda. Ef veður er vont

ákveða bílstjórar á hverju svæði hvort fært sé. Mikilvægt er að skrá börnin í ákveðna heimferð og er sú skráning bindandi. Ef forföll verða, hvort sem er í morgun- eða heimferð er mikilvægt að láta bílstjóra vita. Bið eftir barni sem þegar er farið heim eykur biðtíma hjá öllum hinum. Skólabílstjóri þarf ekki að taka með sér börn heim á öðrum tíma en skráð hefur verið, nema um það sé samið sérstaklega á milli skólabílstjóra og foreldris. Eins þarf að hafa í huga að skólabíll hefur ekki ótakmarkað pláss fyrir farþega. Bílstjórar taka ekki við aukafarþegum nema samið hafi verið um það fyrirfram af foreldrum. Tekið skal fram að á skertum dögum sem og uppbrotsdögum getur verið að um eina heimferð sé að ræða. Börn sem skráð eru í seinni ferðir yfir daginn eru ekki send í þá heimferð nema með samþykki foreldra.

### Skólabílstjórar:

Vestur-Landeyjar	Brynjar H. Magnússon/ Alma G. Matthíasdóttir	867-7200 661-2401	
Austur Landeyjar	Haraldur Konráðsson	8934578	
Austur- og Vestur-Landeyjar	Sigurður Jónsson	898-8888	487-8660
Fljótshlíð	Magnús R. Guðmundsson	892-2488	
Austur- og Vestur-Eyjafjöll	Kristinn Stefánsson	8618894	
Vestur-Eyjafjöll	Baldur Ólafsson	899-3380	487-8732
	<i>Ársæll Hauksson/Southcoast adventure</i>	788-3535	
Bakkabæir	Þorgerður Guðmundsdóttir	866-7532	

### Skólaskjól

Skólaskjól er opið alla skóladaga fyrir nemendur 1.- 4. bekkjar frá lokum skóladags til kl. 16:15. Auk þess er hægt að skrá barn sitt aðra virka daga innan skólaársins, en þá daga er Skólaskjólið opið frá kl. 8 að morgni. Nánari upplýsingar um skráningu í aukadaga er að finna á heimasíðu Hvolsskóla, bæði á viðburðardagatali sem og á skjalinu Opnun í Skólaskjóli. Þessar upplýsingar eru auk þess sendar foreldrum í upphafi skólaárs. Skrá þarf í aukadaga í Skólaskjól með tveggja virkra daga fyrirvara.

Ef barn ætlar að hætta í Skólaskjóli skal berast skrifleg tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri / forráðamanni til ritara skólans.

Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir er umsjónarmaður Skólaskjóls. Netfang; [ragnhildur@hvolsskoli.is](mailto:ragnhildur@hvolsskoli.is) og sími 841-8604 á opnunartíma Skólaskjóls. Skólaskjólið heyrir undir skólastjóra, Birnu Sigurðardóttur og aðstoðarskólastjóra; Guðbjörgu Júlíadóttur. Á heimasíðu Hvolsskóla og heimasíðu sveitafélagsins er að finna nánari upplýsingar um reglur og gjaldskrá Skólaskjólins.



Starfsemi Skólaskjólís fer fram á svæði yngsta stigs. Börnunum er skipt niður í hópa og er starfsmaður með hverjum hópi. Hóparnir geta verið staðsettir víða um skólann.

Leitast er við að hafa starfið í Skólaskjólí með öðrum áherslum en því sem fram fer í skólaumhverfinu en þannig að nemendur hafi af því bæði gagn og gaman. Útívera er stór þáttur í starfi Skjólísins, bæði að hausti og að vori þar sem frjáls leikur fær notið sín. Starfsmenn leggja grunninn að starfinu á haustin og bera skólastjórnendur og umsjónarmaður Skjólísins ábyrgð á skipulagi. Starfsmenn Skjólísins hafa yfirsýn yfir íþróttá- og tómstundastarf nemenda á Skjólístíma og aðstoða börnin við að muna eftir þeim æfingum.

Börnin eru skráð inn í Skólaskjólíð. Ef einhvern nemanda vantar er gengið úr skugga um hvort viðkomandi er veikur eða forfallaður. Hringt er í forráðamann ef engin skýring finnst. Bæði umsjónarkennari og skjólísstarfsmaður eru með nafnalista yfir nemendur sem fara í Skjólíð fyrir hvern dag. Það er því mikilvægt að foreldrar láti alltaf vita um breytingar.

Síðdegishressing er um kl. 14:50 í matsal skólans.

#### **Markmið starfsins er:**

- Að börn geti unað sér í skapandi umhverfi við leik og störf.
- Að þau læri að bera virðingu fyrir hvert öðru og kunni að nota alla almenna kurteisi.

#### **Heimasíðan**

Heimasíða Hvolsskóla hefur vefslóðina; [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is). Foreldrar, nemendur og aðrir hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Á vefnum er að finna tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, myndir úr skólalífinu o.fl.

Umsjón með heimasíðu skólans hafa skólastjóri og deildarstjórar en allir starfsmenn og nemendur geta komið með efni á heimasíðuna.

Hvolsskóli er einnig á fésbókinni en slóðin er <https://www.facebook.com/hvolsskoli1908>

#### **Samfella í tómstunda- og skólastarfi í Rangárþingi eystra**

Hvolsskóli er aðili að verkefninu Samfella í tómstunda- og skólastarfi í Rangárþingi eystra. Samstarfsaðilar auk Hvolsskóla eru íþróttafélagið Dímon, Knattspyrnufélag Rangæinga og Félagsmiðstöðin Tvisturinn. Samfellan er starfrækt þrjá daga vikunnar skólaárið 2024-2025. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir börn á grunnskólaaldri í beinu framhaldi af skóladegi nemendanna.

Við stundatöfluggerð er í Hvolsskóla búið til svigrúm í íþróttasal fyrir þessa starfsemi og fyrir íþróttakennara skólans til þess að annast þjálfun hinna ýmsu íþróttagreina.

Vegna samfellunnar er skipulagður skólaakstur kl. 13:10, kl. 15:00 og kl. 17:00 þrjá daga vikunnar þ.e.a.s. mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, eftir skráningum að hausti.

Starfsáætlun Hvolsskóla  
Starfstími samfellunnar er frá 28. ágúst til 18. desember og frá 3. janúar til 21. maí. Samfellan fylgir skólastarfi í Hvolsskóla þ.e.a.s. þegar kennsla fellur niður í skólanum fellur líka niður starf á vegum samfellunnar.

Skráning í starfsemi samfellunnar fer fram í upphafi haustannar en hægt er að gera breytingar á skráningu um áramót. Börnin eru á ábyrgð foreldra í þessu frjálssa starfi og eru foreldrar beðnir um að tilkynna forföll inn á appið Sportabler eða til viðkomandi þjálfara/umsjónaraðila og einnig til viðkomandi skólabílstjóra. Umsjónarmaður verkefnisins er Ólafur Örn Oddsson íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Rangárbings eystra, netfang: [olafuorn@hvolsvollur.is](mailto:olafuorn@hvolsvollur.is)

## SAMSTARF

### Samstarf heimila og skóla

Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum skólastarfsins. Uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla þarf að leysa af hendi í nánú samstarfi við foreldra. Því ber að stuðla að því að hafa foreldrasamstarf sem mest og jákvæðast á öllum stigum skólans. Í grunnskólalögum nr. 91/2008 er kveðið á um breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt 8. og 9. grein laganna þar sem talað er um að starfa skuli skólaráð við skólann sem og foreldrafélag.

### Skólaráð

„Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr. laganna, getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað tíu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Ráðherra hefur sett reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.

Í skólaráði Hvolsskóla eiga eftirtaldir sæti:

Birna Sigurðardóttir, skólastjóri

Ársæll Hauksson, fulltrúi foreldrafélags

Helga Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi foreldrafélags

Oddný Steina Valsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Erla Guðfinna Jónsdóttir, fulltrúi kennara

Gyða Björgvinsdóttir, fulltrúi kennara.

Þórunn Ólafsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks

Elín Fríða Geirsdóttir Waage, formaður nemendafélags

Böðvar Snær Jóhannsson, fulltrúi nemenda 2024-2025

Ármann Þorri Þórisson, fulltrúi nemenda 2024-2026

### **Foreldrafélag**

Foreldrafélag Hvolsskóla starfar samkvæmt 9. grein laga um grunnskóla frá 12. júní 2008. Þar stendur:

„Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð”.

Aðalfundur félagsins var síðast haldinn 5. nóvember 2024. Í stjórn foreldrafélagsins nú eiga eftirfarandi aðilar sæti:

Svandís Þórhallsdóttir, formaður

Harpa Sif Þorsteinsdóttir, ritari

Helga Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri

Ársæll Hauksson, meðstjórnandi

Sigmundur Páll Jónsson, meðstjórnandi

### **Nemendafélag**

Nemendafélag Hvolsskóla starfar samkvæmt 10. grein laga um grunnskóla frá 12. júní 2008. Þar stendur:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.”

Kosning í Nemendafélag Hvolsskóla fór fram í skólanum í september 2024.

Í stjórn eiga sæti:

Elín Fríða Geirsdóttir Waage, formaður.

Oskar Bartosz Parciak, varaformaður.

Jórunn Edda Antonsdóttir og Lúkas Týr Sigurðsson, fulltrúar 10. bekkjar.

Varamaður Guðjón Ingi Guðlaugsson.

Böðvar Snær Jóhannsson og Úlfhildur Vaka Pétursdóttir, fulltrúar 9. bekkjar.

Varamaður Szymon Broniszewski.

Eggert Orri Pálsson og Linda Guðbjörg Friðriksdóttir, fulltrúar 8. bekkjar.

Varamaður Magnea Furuhjelm Magnúsdóttir.

Guri Hilstad Ólason vinnur með nemendafélaginu.

### **Bókasafn**

Bókasafn Hvolsskóla er samsteypusafn með Héraðsbókasafni Rangæinga. Héraðsbókasafnið sér um rekstur bókasafns Hvolsskóla samkvæmt samningi. Safnið opnar kl. 8.00 og er opið fyrir starfsfólk og nemendur allan skóladaginn en jafnframt því opnar safnið fyrir almenning kl. 13.00 alla daga nema föstudaga þá er safnið opið frá kl. 10.00 - 13.00 fyrir almenning.

Starfsfólk og nemendur Hvolsskóla eru með frikort en hlíta sömu reglum og aðrir í sambandi við útlán, skil og aðra hegðun á safninu. Á safninu er bókasafnsfræðsla sem skólabókavörður sér um. Tímar eru fundnir í samráði við bókaverði. Meginmarkmið með bókasafnsfræðslu er að nemendur læri að ganga um bókasafnið, skilja kerfið sem raðað er eftir og verði sjálfstæð í því að finna þau gögn sem leitað er eftir hvort sem það er til gagns eða gamans. Auk bókaupplýsinga er víðum skilningi þess orðs.

Öll safngögn eru skráð í Gegni sem er landskerfi bókasafna. Gegni er notaður á öllum skólastigum og í almenningsbókasöfnum. Að læra að leita á [www.leitir.is](http://www.leitir.is) sem er almenningsaðgangur, nýtist grunnskólanemendum við alla heimildavinnu bæði nú þegar og seinna meir.

**Regla nr. 1:** Á bókasafninu á að vera friður og ró. Margir eiga að geta verið á bókasafninu í einu og fengið frið til að sinna sínu verkefni. Ef allir virða regluna gengur allt vel.

**Regla nr. 2:** Á bókasafninu á að vera röð og regla. Sem þýðir að allir þurfa að ganga frá eftir sig og að allar bækur eiga sinn stað. Ef þú veist ekki hvar bókin á að vera spurðu þá bókavörðin.

**Regla nr. 3:** Á bókasafninu erum við ekki með mat eða drykk.

## Viðfangsefni innra mats

## Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2019-2023

2023-2024	2024-2025	Tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	<b>September</b> Spurningalistar á pappír
		<i>Allir nemendur</i>
		<b>September</b>
		<b>Desember</b> <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
		<b>Janúar</b> <i>Rýnihópar</i>
		<b>Febrúar</b> Rýnihópur
6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-10. bekkur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	<b>Sept-maí</b> Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla	Könnun í 2. og 4. bekk Mat nemenda á líðan í skóla	<b>Janúar</b> Myndrænir spurningalistar

		<b>Febrúar</b> Rýnihópur
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	<b>Mars</b> Skólapúls  <b>Mars</b>
		<b>Maí</b> Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i>

## STOÐKERFI HVOLSSKÓLA

### Skólalþjónusta

Skólastjórnendur leita til Félags- og skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eftir sálfræðiþjónustu, þjónustu kennsluráðgjafa, þjónustu talmeinafræðings og iðjuþjálfna eftir beiðni frá kennara og foreldra. Einnig er náms- og starfsráðgjafi starfandi á þeim grunni. Deildarstjóri sérkennslu er tengiliður milli skóla og Skólalþjónustunnar og fara því allar greiningar og þjónusta af þeirra hendi í gegnum hann. Deildarstjóri sér um að boða nemendur, foreldra og kennara á fundi þeirra. Þessir aðilar sinna greiningu og ráðgjöf til starfsmanna og foreldra. Aðilar frá Félags- og skólalþjónustunni sitja einnig í nemendaverndarráði skólans. Skólalþjónustan býður upp á úrval námskeiða fyrir starfsmenn skólanna og leitar eftir hugmyndum frá skólunum í þeim efnum.

### Farsæld

Markmið með lögum um samþætta þjónustur er að öll börn (0-18 ára) og foreldrar þeirra, sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana og að þeir sem veita börnum og foreldrum þjónustu, fylgist með velferð og farsæld allra barna, bregðist við þörf fyrir þjónustu og hafi samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi. Ekki er hægt að hafa samráð án undirritaðrar beiðni um samþætta þjónustu. Samþætt þjónusta tekur til allra kerfa sem veita börnum þjónustu, hvort sem hún er veitt á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga. Þjónustan er veitt á þremur þjónustustigum: 1.stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur 2.stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu 3.stig - er

sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum Þegar barn er við nám í grunnskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og eða barns. Tengiliður/liðir Hvolsskóla: Svava Björk Helgadóttir og Birna Sigurðardóttir. Barn sem hefur þörf fyrir fjölbætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma fær málstjóra frá félagsþjónustu eða barnavernd. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf en tengiliður gerir og leiða samþættingu þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi. Málstjóri leiðir einnig stuðningsteymi. Stuðningsteymi er vettvangur þar sem þjónustuveitendur og eftir atvikum þeir sem veita barni almenna þjónustu eiga samstarf um samþættingu þjónustunnar. Stuðningsteymi gerir einstaklingsbundna stuðningsáætlun og fylgir henni eftir.

### **Náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf**

Nemendur í 6.-10. bekk fá markvissa náms- og starfsfræðslu 10 tíma á ári og allt að 20 tíma í 10. bekk. Viðfangsefni náms- og starfsfræðslu í 6.-9. bekk eru aukin sjálfspækking nemenda, þ.e. að þau þekki styrkleika sína og áskoranir, ígrundi áhuga sinn í námi og hvað störf varðar. Einnig er komið inn á námstækni og markmiðssetningu. Í 10. bekk fara nemendur í starfskynningar á vinnustaði að eigin vali. Til starfskynninga eru þrjú skóladagar. Nemendur hafa sjálfir samband við þá staði sem þeir vilja heimsækja og fá upplýsingar hvort möguleiki sé á að fá að koma í heimsókn. Náms- og starfsráðgjafi er við í Hvolsskóla á mánudögum og föstudögum og er þá til viðtals fyrir nemendur, kennara og foreldra eftir því sem óskað er eftir. Um hlutverk náms- og starfsráðgjafa má sjá í bækling Skólalámsþjónustunnar á skolamal.is.

### **Skólahjúkrunarfræðingur**

Hjúkrunarfræðingur skólans er Ólöf Guðbjörg Eggertsdóttir hjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hvolsvelli. Hún hefur fasta viðtalstíma í skólanum á þriðjudögum og fimmtudögum milli klukkan 8 og 12. Hún sinnir fræðslu inn í bekki og skólaskoðun auk þess að vera til taks ef nemendur kjósa.

### **Stuðningur og sérkennsla**

Stuðningi og sérkennslu í Hvolsskóla er ætlað að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir / námsfrávik, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best.

Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk Hvolsskóla að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda á grunnskólaaldri. Réttur fatlaðra barna og nemenda með miklar sérkennsluþarfir til skólagöngu í heimaskóla er áréttaður í grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og alþjóðlegum yfirlýsingum og sáttmálum sem Íslendingar eru aðilar að.

Meginmarkmið með stuðning og sérkennslu er að mæta nemandanum þar sem hann er staddur í námi og þroska, byggja síðan ofan á þann grunn og stuðla að eðlilegum stíganda í framförum nemenda. Áhersla er lögð á að stuðningur og sérkennsla sé

eðlilegur þáttur í daglegu starfi innan skólans, þannig að nemendur, kennarar og foreldrar geti óskað eftir stuðningi ef þeir telja þörf á.

Lögð er áhersla á að koma sem best til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda, hvort sem um er að ræða námslegar, hegðunarlegar eða félagslegar þarfir. Lögð er áhersla á aðlögun námsefnis og kennsluaðstæðna (námsumhverfis) að þörfum nemandans. Hvolsskóli leggur áherslu á sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemenda í almennum bekkjum:

- Sveigjanlegum og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum verði beitt til að skólinn mæti sem best þörfum nemenda inni í bekk.
- Nemendur séu sem sjaldnast teknir út úr bekk/námshópi í sérkennslu.
- Ólíkir nemendur séu að öllu jöfnu saman í bekk eða námshópi.
- Nemendahópur fáist við sama viðfangsefni en nemendur innan hans fá mismunandi verkefni eftir stöðu þeirra í námi hverju sinni.
- Gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í námsvanda (sbr. reglugerð um sérkennslu).

Einstaklingsnámskrár eru á ábyrgð umsjónarkennara en unnar í samvinnu við sérkennara og aðra kennara sem koma að kennslu bekkjarins. Námsáætlanir eru endurskoðaðar reglulega um leið og lagt er mat á stöðu hvers og eins.

Mikil áhersla er lögð á samskipti við heimilin. Umsjónarkennari upplýsir foreldra reglulega um stöðu barnsins.

Þótt meginstefnan sé að nemendur fái alla sína kennslu innan bekkjar eða almenns námshóps, þar sem ýmist er einn eða fleiri kennarar, verður ekki fram hjá því litið að vandi sumra nemenda er þess eðlis að þeir þurfa rólegra umhverfi til að geta einbeitt sér og er þá kennt í minna rými, eða námsveri, þar sem áreiti er haldið í lágmarki.

### **Námsver**

Námsver er kennslustofa þar sem sérkennari skapar góða vinnuaðstöðu fyrir þá nemendur sem þurfa á einstaklingskennslu að halda í afmörkuðum þáttum, eða að vinna í umhverfi þar sem utanaðkomandi áreiti er haldið í lágmarki. Er sérkennari ávallt í góðu samstarfi við umsjónarkennara því umsjónarkennarar eru lykilpersónur nemenda í skólastarfinu og fylgjast reglulega með námsframvindu þeirra í öllum námsgreinum.

Markmið með kennslu í námsveri eru;

- að koma til móts við þarfir nemenda
- að bjóða nemendum námskeið í afmörkuðum þáttum náms
- að veita nemendum aðstoð við próftöku



- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæð vinnubrögð nemenda

### **ÍSAT kennsla (Íslenska sem annað tungumál)**

ÍSAT kennslu í Hvolsskóla er ætlað að styðja við nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn og mannauð til nýbúakennslu sem best. Meginreglan er að nemendur sem koma erlendis frá, hefji skólagöngu eins skjótt og auðið er og unnið er eftir móttökuáætlun þar sem vinnuferli eru skýr. Lögð er áhersla á að byrja á að kenna og þjálfna nemandann í almennum orðaforða og samskiptum í íslensku og innleiða eins fljótt og auðið er, flóknari hugtök í námsbókum eftir því sem fram dregur. Leitast er við að styrkja nýja nemendur í félagslegum tengslum innan bekkjar og fyrstu skrefin í skólanum er lögð áhersla á að vera í góðu samstarfi við foreldra og með aðstoð tólks eftir því sem þörf er á. Slíkt ýtir undir traust milli aðila og gagnkvæms skilnings. Eins er leitast við að mæta móðurmálakennslu nemenda við skólann eins og kostur er en rannsóknir hafa sýnt að góð færni í móðurmáli auki möguleikana á að ná góðri færni í íslenskri tungu. Má nefna að nemendur með norskan bakgrunn og sænskan hafa getað fengið norsku og sænskukennslu í stað dönskukennslu. Eins hefur verið ráðinn starfsmaður til að kenna nemendum með pólskan bakgrunn pólsku en samt styður sá einstaklingur einnig við íslenskunám nemendanna.

### **Markmið ÍSAT kennslu er:**

- að auka færni nemenda í íslensku
- að auka færni nemenda í lestri
- að styrkja sjálfsöryggi nemenda í að tala íslensku
- að jafna stöðu nemenda af erlendum uppruna

### **Nemendaverndarráð**

Við Hvolsskóla starfar nemendaverndarráð að velferð nemenda. Það er mikilvægur vettvangur kennara sem þurfa að leita stuðnings, samvinnu og ráðgjafar vegna vanda nemenda sinna. Nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda sem hafa verið lögð fyrir ráðið. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem eiga í vanda.

Skólaárið 2024-2025 sitja í nemendaverndarráði: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi félagsþjónustunnar. Einnig sérkennarar og aðrir kennarar eftir þörfum. Allir starfsmenn skólans og foreldrar nemenda geta vísað málum til ráðsins. Nemendaráð gegnir einnig hlutverki farsældarteymis sem og forvarnarteymis, auk æskulýðs- og íþróttafulltrúa.

Nemendaverndarráð fundar mánaðarlega, fjórða fimmtudag í mánuði kl. 10:30. Fundir eru færðir til bókar. Farið er með persónulegar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

## ÁSTUNDUN OG ÖRYGGI NEMENDA

### Öryggi nemenda

#### Frímínútnagæsla

Gæsla er í frímínútum sem bæði, stuðningsfulltrúar og skólaliðar sjá um. Deildastjórar skipuleggja gæsluna og hafa með henni eftirlit.

Allir nemendur eiga að fara út í frímínútur nema í unglingadeildinni er það frjálst. Nauðsynlegt er að börnin séu klædd með tilliti til veðurs svo þau geti notið útiverunnar. Ef nemandi má ekki fara út en hefur heilsu til að mæta í skólann verður hann að koma með miða um það frá foreldri.

#### Óhöpp eða slys

Verði áföll eða slys á skólatíma er strax reynt að hafa samband við foreldra sem og læknabjónustu eftir sem við á. Ef einhver bið er á að foreldrar geti komið gerir skólinn strax ráðstafanir við hæfi. Slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð og geymd í skólanum.

### Almennar umgengnisreglur

#### Á göngum skólans:

Nemendum ber að ganga hjóðlega um skólahúsnæðið og sýna tillitsemi. Það er góð regla að ganga alltaf hægra megin til að forðast árekstra og önnur óþægindi.

#### Skófatnaður, yfirhafnir og höfuðföt:

Útiföt eru ekki leyfileg í kennslustundum. Farið er úr skóm í forstofum og þeim komið fyrir í skóhillum. Í Hvolsskóla eiga allir að vera í inniskóm þar sem við búum á jarðskjálftasvæði og gætum þurft að rýma skólann fyrirvaralaust. Snagar fyrir yfirhafnir eru á göngum, góð regla er að setja húfu og vettlinga inn í úlpuermi. Buff eru leyfileg. Nemendur eru hvattir til að skilja ekki eftir verðmæti í yfirhöfnum eða töskum. Mælst er til að fatnaður og áhöld í eigu nemenda séu vel merkt. Nemendur tæmi fatahengi á föstudögum.

#### Matsalur:

Nemendur skulu neyta matar í matsal skólans en fá ávexti inn á sín svæði. Hver nemandi gengur frá þeim áhöldum sem hann notar í matartímum. Allir nemendur skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði. Lögð er áhersla á að borðað sé úr öllum fæðuflokkum en skammta eins og til standi að eta þar sem við erum að efla vitund nemenda varðandi matarsóun. Æskilegt er að friður og ró ríki í matsal. Nemendur skiptast á að þrifa borð að loknum matartímum. Símar eru ekki leyfðir í matsalnum á matartímum.

#### Nemendur eiga að vera í skólanum á skólatíma:

Ætlast er til þess að nemendur í 1. – 10. bekk séu í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma og er þeim óheimilt að fara af lóðinni án leyfis. Undanskildar eru ferðir í íþróttahús, sundlaug og vettvangsferðir.

### **Reiðhjól og hjólaleiktæki:**

Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 6 ára aldri. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð foreldra að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað. Síendurtekinn skortur á viðeigandi búnaði er tilkynntur til lögreglu. Umferð reiðhjóla, rafknúinna hjóla og hjólaleiktækja s.s. hjólabretti, línuskautar o.s.frv. á skólalóð á skólatíma er bönnuð.

### **Farsími og önnur rafeindatæki:**

Í kennslustundum er notkun slíkra tækja óheimil. Ef símar koma með í skólann að morgni ber nemendum að leggja þá í þar til gerða kassa við upphaf kennslustundar. Kennari getur veitt undanþágu og heimilað takmarkaða notkun í kennslustund. Alltaf gildir þó reglan að í upphafi tíma fara símar í kassann. Símar sem nemendur verða uppvísir að því að nota í kennslustundum án leyfis, verða settir í geymslu hjá umsjónarkennurum eða skólastjórnendum og óskað eftir að foreldrar nálgist þá þar. Því er beint til foreldra nemenda í 1. – 4. bekk að senda nemendur ekki með síma í skólann né snjallúr.

Persónulegir munir nemenda eru á ábyrgð þeirra.

### **Leiksvæði:**

Skólalóðinni er skipt niður í ólík leiksvæði til að koma til móts við sem flestar þarfir nemenda. Starfsfólk er hvatt til að virkja nemendur í leik á leiksvæðum.

### **Skólabjalla:**

Skólabjalla hringir kl. 8:10 að morgni svo og við lok frímínútna. Nemendur eiga að virða þessar hringingar og mæta stundvíslega í kennslustundir.

### **Sælgæti og gosdrykkir:**

Nemendum er ekki leyfilegt að neyta sælgætis eða gosdrykkja í skólanum nema með sérstöku leyfi skólastjórnenda. Neysla orkudrykkja er bönnuð.

### **Skólareglur**

*Skólareglurnar okkar:*

- Við sinnum hlutverki okkar
- Við virðum rétt annarra
- Við komum fram af kurteisni
- Við virðum eigur okkar og annarra

*Öryggisreglur:*

- Við beitum engan andlegu og/eða líkamlegu ofbeldi.
- Við mismunum engum á nokkurn hátt, t.d. vegna uppruna, litarháttar, trúar, kyns eða kynhneigðar.
- Við veitum öðrum vinnufrið í námi og kennslu.
- Við komum ekki með vopn eða eldfæri í skólann.
- Við stelum engu og skemmum ekki eigur okkar og annarra.

### *Skýr mörk – viðurlög:*

Í Hvolsskóla eru sett skýr mörk fyrir hvað er ásættanleg hegðun og hvað ekki. Þegar nemendi brýtur af sér gefst honum ævinlega tækifæri til að leiðrétta hegðun sína og læra af mistökunum. Starfsmenn skólans áskilja sér þann rétt að fjarlægja nemanda tímabundið úr aðstæðum ef hann sýnir óásættanlega hegðun. Eins getur nemandi misst tímabundin réttindi til að vera í hópnum. Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til og jafnvel er nemanda vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin.

### **Skólasókn og ástundun**

Samkvæmt lögum eru foreldrar ábyrgir fyrir því að börn þeirra sækja skóla. Nemendum ber að mæta í skóla og í allar kennslustundir um leið og hringt er inn.

Skólasóknar og ástundunarreglur grunnskólanna á skólaþjónustusvæðinu okkar eru samræmdar á milli skólanna og gilda því sömu reglur um mætingu í þeim öllum. Hér má sjá reglurnar: [Skólasókn og ástundun](#)

### **Veikindi og leyfi**

Forföll og veikindi ber að tilkynna að morgni og er það á ábyrgð foreldra. Hægt er að senda tilkynningu á [forfoll@hvolsskoli.is](mailto:forfoll@hvolsskoli.is), hringja í síma 488-4240 eða skrá beint inn í Námfús. Eftir 5 daga veikindi í röð, ber umsjónarkennara og skólayfirvöldum að krefjast læknisvottorðs og skipuleggja heimakennslu. Þurfi nemendur leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um það skriflega í afgreiðslu skólans.

### **Ástundun**

- Nemendum ber að koma undirbúnir og með nauðsynleg gögn í skólann.
- Foreldrar bera ábyrgð á mætingu jafnt sem námi barna sinna og eru hvattir til að fylgjast með því hjá umsjónarkennara og á Námfús.
- Ástundun er hluti af kennaraeinkunn. Í henni felst virkni, áhugi, umgengni, verkefna-og áætlunaskil.
- Nemendum ber að fylgja áætlun frá kennurum.
- Kennurum ber að hafa grófa áætlun í hverri námsgrein tilbúna með 2 vikna fyrirvara.
- Kennurum ber að skrá í Námfús hvort nemendur standast áætlun í sínum greinum, mismunandi eftir þörfum. En þó að lágmarki 2x sinnum í mánuði.

### **Viðurlög**

- Standist nemandi ekki áætlun tvö skipti í röð ber kennurum að aðvara nemandann.
- Standist nemandi ekki áætlun 3 skipti í röð ber kennara að láta umsjónarkennara vita sem hefur samband við forráðamenn.
- Ítrekuðum brotum má vísa áfram til skólastjórnenda, nemendaverndarráðs og síðan barnaverndarnefndar ef ekki verður bót á.

## FÉLAGSLÍF OG FASTIR LIÐIR Í SKÓLASTARFINU

Það er mikilvægt fyrir þroska og ánægju nemenda að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi í skólanum.

Markmið skólaskemmtana;

- að nemendur öðlist styrk til að efla félags- og tilfinningaþroska sinn
- að nemendur þjálfist í að koma fram
- að nemendur þjálfist í að tjá sig í gegnum upplestur, frásögn, tónlist, leikræna tjáningu og sköpun.

### Þemavikur

Þemavikur eru fastur þáttur í skólastarfinu. Unnið er með ýmis verkefni.

Markmið;

- að efla með nemendum félags- og skólaanda
- að nemendur kynnist nemendum úr öðrum bekkjum
- að þjálfra samvinnu nemenda
- að vinna með huga og hönd

### Vettvangsferðir

Markmið;

- að nemendur öðlist meiri dýpt og skilning á þeim viðfangsefnum sem þeir eru að fást við í námi sínu
- að efla samkennd meðal nemenda
- að auka víðsýni nemenda með því að tengja námið við daglegt líf
- að vera fræðandi og menningaraukandi
- að efla félagsþroska nemenda.

Nemendur fara í námsferðir á skólatíma að lágmarki einu sinni á ári hver árgangur. Skólinn sér um skipulag og greiðir fyrir rútur og laun kennara. Foreldrar greiða fyrir mat barna sinna og gistingu þegar það á við.

Nemendur 5.– 10. bekkja fara í skíðaferð ef/þegar veður leyfir.

### Vorferðir – söfnun f. ferðir og hlutverk kennara

Umsjónarkennari sér um að aðstoða foreldra við að halda utan um safnanir á vegum nemenda.

### Dagur íslenskrar tungu

Hátíðardagskrá í tilefni Dags íslenskrar tungu, verður haldinn 24. október í ár, en hún hefur fest sig í sessi hjá okkur í Hvolsskóla og er dagskráin vönduð og mikil. Dagskrá hefst kl. 8:15 og stendur fram eftir degi. Meginuppistaðan er lestur 10. bekkinga á Brennu-Njálssögu, en dagskráin er brotin upp með ýmsum viðburðum frá öðrum nemendum eða aðilum úr samfélaginu. Má þar nefna að formlega hefst undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina á þessum degi og flytur því 7. bekkur ljóðið

Gunnarshólma. Á hátíðina hefur verið fenginn hátíðargestur ár hvert, sem ávarpar samkomuna.

### **Stóra upplestrarkeppnin**

Keppnin er fyrir 7. bekkinga á okkar svæði en auk Hvolsskóla, Grunnskólinn á Hellu, Laugalandsskóli, Víkurskóli, Grunnskólinn Kirkjubæjarklaustri og Grunnskólinn í Vestmannaeyjum sem etja kappi saman. Skólarnir hafa skipst á að halda keppnina í samstarfi við skólaþjónustuna. Undirbúningur fyrir keppnina hefst formlega á Degi íslenskrar tungu.

### **Kaffisala á foreldradögum**

Á foreldradögum hefur kaffisala verið í höndum 10. bekkinga og foreldra þeirra og hefur ágóði runnið í ferðasjóð þeirra nemenda. Umsjónarkennari sér um að kalla foreldra að borðinu þar og vera foreldrum innan handa.

### **Fjallganga – Tíu tinda ganga**

Á haustin er farið með allan skólann, bæði nemendur og starfsmenn í fjallgöngu og er markmiðið að nemendur sem byrja hjá okkur í 1. bekk og útskrifast héðan úr 10. bekk hafi gengið á 10 fjöll í héraði á þeim tíma. Skipulagið rúllar á þremur árum.

Ár hvert gengur 1. bekkur á Stóru-Dímon.

Nemendur í 2.-4. bekk ganga á: Lambafell, Vatnsdalsfjall og Háamúlafjall.

Nemendur í 5.-7. bekk ganga á: Fagrafell, Þórólfsfell og Hrútkoll.

Nemendur í 8.-10. bekk ganga á: Drangslíðartind, Þríhyrning og Einhyrning.

### **Ýmis grænfánaverkefni**

- Mælingar á Sólheimajökli
- Hekluskógar – visheimt
- Moltugerð
- Tunguskógur – uppbygging á útivistarsvæði
- Gróðurhús og ræktun
- Hænsnakofi

### **Úlfljótuvatn 7. bekkur**

Ár hvert fara nemendur í 7. bekk að Úlfljótvatni og gista þar eina nótt. Þar er dagskrá fyrir hópinn sem miðar að hópefli. Umsjónarkennari/kennarar og stuðningsfulltrúi fara með hópnum í ferðina eftir því sem þurfa þykir.

### **Vorhátíð**

Foreldrafélag Hvolsskóla stendur fyrir vorhátíð að jafnaði síðasta vetrardag eða í lok þemaviku að vori.

### **Öskudagur**

Á öskudegi mæta nemendur og starfsmenn í búningum kl. 8:10. Starfsemi er til kl. 13 í skólanum þann dag. Skjól er opið.

### **Kórastarfsemi í Hvolsskóla**

Kór fyrir 5.-10. bekk er starfandi við skólann undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur. Hann æfir á miðvikudögum; elsta stig kl. 9:20-9:50 og miðstig kl. 8:50-9:20. Jólatónleikarnir verða þann 29. nóvember í ár.

### **Aðventan**

Aðventan í Hvolsskóla hefst á jólaföndri foreldrafélagsins í kringum fyrsta sunnudag í aðventu. Jólatónleikarnir eru orðnir fastur liður í upphafi aðventu.

Jólatré er sett upp í sal skólans og skreytt.

Jólagleðin/litlu jólin eru haldin síðasta dag fyrir jólafrí. Þann dag sem jólagleðin er mæta nemendur á hefðbundnum tíma í skólann og eru til klukkan 11. Yngsta stigið og miðstigið fara í sína umsjónarhópa strax að morgni og tekur við jóladagskrá. Við fáum gest í heimsókn sem er með jólahugveki og dansað er í kringum jólatréð. 7. bekkur hefur það hlutverk að aðstoða jólasveinana.

Elsta stigið byrjar í heimastofu sinni á jóladagskrá en hefur sína samkomu að mestu í íþróttahúsinu.

### **Bekkjarkvöld**

Bekkjarskemmtanir eru í stofu eða sal a.m.k. tvisvar á vetri. Þessar skemmtanir eru skipulagðar af bekkjartenglum en æskilegt er að samráð sé haft við umsjónarkennara. Nemendur bjóða foreldrum á þessar skemmtanir.

### **Samstarf skólanna í Rangárþingi og V.- Skaftafellssýslu**

Skólarnir í Rangárþingi halda sameiginlegan Íþróttadag, Listahátíð, Haustball og Árshátíð. Á Haustballið og Árshátíðina er skólunum í V.- Skaftafellssýslu boðið að vera með. Þessir viðburðir eru fyrir nemendur í 8.-10. bekk en á árshátíðina mæta einnig 7. bekkingar.

### **Árshátíðir á yngsta- og miðstigi**

Árshátíð á yngsta stigi fer fram í janúar í ár en á miðstigi í febrúar/mars. Á þeim sýna nemendur leikrit eða brot úr leikritum og bjóða gestum og gangandi á sýningu. Elsta stigið hóf að vera með sýningar í fyrra og stendur til að halda því áfram. Stefnt er á sýningu í mars.

### **Þemaverkefni á elsta stigi**

Harry Potter, Nýsköpun, "Efst á baugi"

### **Símenntunaráætlun**

<http://hvolsskoli.is/starfsthrounaraaetlun/>